



## Fundargerð aðalfundar 2014

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2014 var haldinn í Katrínartúni 2 í Reykjavík, 13. maí 2014 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 8 hluthafa sem eiga 77.98 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Dagmar Arnardóttur, hdl., fundarstjóra og Heiðrúnu Dóru Eyvindardóttur, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Árni Sigurjónsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs. Eigna og fjárhagsstaða félagsins hefur aldrei verið betri. Stjórnarformaður fór yfir samstarf við Rekstrarfélag Sarps en samningurinn er til tveggja ára. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu. Tvö sveitarfélög bættust við hluthafahópinn á árinu, Sveitarfélagið Skagafjörður og Reykhólahreppur. Sagt var frá að skýlæg bókasafnskerfi séu að ryðja sér til rúms. Stjórnin vill athuga hvort kostur sé á að hefja útlán á íslenskum rafbókum. Farið yfir þau mál sem framundan eru hjá féluginu.  
Hulda Björk Þorkelsdóttir lætur nú af störfum sem varamaður í stjórn Landskerfisins og þakkaði stjórnarformaður henni vel unnin störf í þágu félagsins.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins.  
Var sendur út til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var tillagan samþykkt. Stöðurnar eru því skipaðar svo:
  - Árni Sigurjónsson (kt. 281255-3399), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 1511637269) stjórnarmaður
  - Halldóra Jónsdóttir (kt. 271055-2779), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2013 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2014 til aðalfundar 2015 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalfa þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.

Jóhanna G. Hafliðadóttir taldi að streymisþjónusta fyrir rafbókaútlán komi ekki til greina fyrir landsbyggðafólk. Netsambandið viða allt of lélegt.

Boðið upp á hressingu.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.51.



Dagmar Arnardóttir



Heiðrún Dóra Eyvindardóttir